

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 276/2022**

**frá 23. september 2022**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1146 frá 7. júní 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis og reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32018 R 1146**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1146 frá 7. júní 2018 (Stjtið. ESB L 208, 17.8. 2018, bls. 9).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 208, 17.8.2018, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1146, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. september 2022 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kristján Andri Stefánsson**

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Verður birt.